

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2012

2012/EES/63/21

frá 13. júlí 2012

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í
viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1166/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 401/2010 frá 7. maí 2010 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknar, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 248, 22.9.2010, bls. 67.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1022/2010 frá 12. nóvember 2010 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010 á tilteknum vinnræktarsvæðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 53/2011 frá 21. janúar 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 538/2011 frá 1. júní 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknar, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í 7. mgr. inngangsorða bókunar 47 við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. viðbætis við bókun 47 við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 117, 11.5.2010, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 296, 13.11.2010, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 19, 22.1.2011, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 147, 2.6.2011, bls. 6.

1. Eftirfarandi bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 1166**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1166/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 27),
 - **32011 R 0053**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 53/2011 frá 21. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 19, 22.1.2011, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009):
„eins og henni var breytt með:
 - **32010 R 0401**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 401/2010 frá 7. maí 2010 (Stjtið. ESB L 117, 11.5.2010, bls. 13), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 248, 22.9.2010, bls. 67,
 - **32011 R 0538**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 538/2011 frá 1. júní 2011 (Stjtið. ESB L 147, 2.6.2011, bls. 6).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009):
„12. **32010 R 1022**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1022/2010 frá 12. nóvember 2010 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010 á tilteknum vínræktarsvæðum (Stjtið. ESB L 296, 13.11.2010, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1166/2009 og reglugerða (ESB) nr. 401/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 248, 22.9.2010, bls. 67, 1022/2010, 53/2011 og 538/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 (6), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(6) Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 46.